

51. Konungleg Auglýsing um, að konungur hafi aptur tekið við ríkisstjórninni.

1868.

1. septbr.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum konnugt: Nú er Vér erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunn-gjörum Vér Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vér höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, er í fjærveru Vorri hefir verið falin á hendur Vorum ástfóligna syni, hans konunglegu tign Kristjáni Vilhjálmi Friðriki Karli konungsefni, samkvæmt bráða-birgðalögum 10. f. m.

sett 4. f. m., um framsærslurétt ekkjunnar Margrétar Jónasdóttur frá Grímsstöðum í Breiðuvík; játar hinn síðast nefndi embættis-maður þar að vísu, að maður Margrétar, Jón sálugi Jónsson, sé fæddur á Snorrastöðum í Kolbeinstaðahrepp, en biður þó um, að áður en lagður sé úrskurður á málið fyrir fullt og allt, verði gjörð ítarlegri rannsókn um dvöl Jóns annarstaðar, einkum á Skarðs-strönd í Dalasýslu, og hafið þér því æskt þess, að ef að ekki megi nú þegar leggja úrskurð á málið fyrir fullt og allt, þá verði því þó fyrst um sinn ráðið svo til lykta, að Margrét Jónasdóttir fái framsærslu af Kolbeinstaðahrepp, og að honum verði gjört að skyldu að endurgjalda styrk þann, er hún hefir fengið fyrirfram af Breiðuvíkurrepp, 24 vættir 20 fiska að upphæð.

Útaf þessu læt eg ekki hjálíða að tilkynna yður, herra sýslumaður, það sem hér fer á eptir, til þess að þér gjörið ráðstafanir þær, sem við þarf:

Eptir að amtið samkvæmt áskorun yðar hafði bðið sýslu-manninum í Dalasýslu með bréfi 1. okt. f. á., að halda reglulegt próf um dvöl Jóns heitins Jónssonar í Skarðsstrandarhrepp, þar sem líklegt var af mörgum ástæðum að hann hefði áunnið sér framsærslurétt, hefir tæður sýslumaður með bréfi 31. s. m., er eg tók við 17. nóv. þar á eptir, sent hingað eptirrit af prófinu ásamt nokkrum öðrum fylgiskjölum um þetta mál. Með þessu prófi verður nú að álita sannað, að opt nefndur Jón Jónsson hafi átt dvöl í Skarðsstrandarhrepp sem kaupamaður um sláttinn sumarið 1844, og farið þaðan aptur um haustið suður í Snæfellsnessýslu, þaðan sem hann var kominn, og að hann næsta vor 1815 hafi farið vistferlum í Skarðsstrandarhrepp, þar hafi hann verið sem hjú sam-